

Húsavík 2.mai 2023

*Erindi til hlutaðeigandi nefndar Norðurbings*

*Í a.m.k 30 ár hefi ég ásamt fjölskyldu minni ræktað kartöflur í bæjargörðum Norðurbings við Kaldbak ásamt mjög mörgum Húsvíkingum með góðum árangri, þangað til fyrir nokkrum árum, að fór að bera á mikilli órækt og illgresi í görðunum, og nú er svo komið að mikið af fjölskyldum hefur hætt þessari skemmtilegu iðju sökum þessa, eða flutt sig um set. Nokkrir hafa flúið í Mývatnssveit. Fræðimenn um kartöflur segja að hvíla þurfi garða reglulega til að koma í veg fyrir þetta illgresi.*

*Ég vill gera það að tillögu minni að Norðurbing finni nýja bæjargarða suður við Kaldbak, þar er nóg af túnum sem þyrfti að rista ofan af og tæta svo moldina, ekki er það ætlun mín að fá þetta að kostnaðarlausu, enda höfum við alltaf greitt fyrir leigu á görðunum.*

*Segja má að þetta sé líka hobby hjá fullt af fjölskyldum, því hvað er betra en að safna fjölskyldumeðlimum saman og setja niður kartöflur, og fylgjast svo með framvindu grasa yfir sumarið og taka svo upp saman, sumir eru í golfi aðrir í blaki eða fótbolta osfr. En við sem erum í þessari kartöflurækt þurfum betri garða, ég tel það mikla afturför ef þessi iðja leggst af hér í Norðurbingi.*

*Óska ég eftir að þessari beiðni minni verði svarað sem allra fyrst og fái faglega ummfjöllun.*

*Pétur Helgi Pétursson*

*170460-3599*

*Heiðargerði 4*

*640 Húsavík*

*Sími 8639318*

*petur@hvammurhus.is*